

Uppeldi til ábyrgðar / uppbygging sjálfsaga

Uppeldi til ábyrgðar er heitið á hugmyndafræði sem hefur verið notuð í skólstarfi um árabíl.


Innleiðing á UTÁ í Egilsstaðaskóla fór af stað haustið 2023 þegar allt starfsfólk sat námskeið um hugmyndafræðina og hvernig henni væri fylgt eftir. Þróunarhópur innan skólans hefur síðan fylgt eftir skrefum í innleiðingarferlinu.

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði, aðferð og leið til að ýta undir:

- * Jákvæða samskipti
- * Sjálfstjórn og sjálfsaga
- * Ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- * Að læra af mistökum í samskiptum
- * Að þekkja styrkleika sína

Að líða vel á heilbrigðan hátt snýst um að þekkja þarfir sínar og uppfylla þær á uppbyggilegan og ábyrgan hátt.

„Eina manneskjan sem ég get stjórnað er ég sjálf/ur og ég get hjálpað öðrum að hafa stjórn á sjálfum sér.“



Nemendum eru kenndar aðferðir við sjálfstjórn og sjálfsaga og hvernig maður lærir af mistökum sínum.

Aðferðir og verkfæri UTÁ eru m.a. bekkjarsáttmálar sem allir árgangar vinna í sameiningu og er samkomulag hópsins um þær umgengnisreglur og áherslur sem gilda í árgangnum.



Það er mikilvægt að skilgreina og skýra hlutverk nemanda, kennara, stuðningsfulltrúa og annars starfsfólks í skólanum. Áhersla er lögð á að nemendur viti hvað þeir eiga að gera og hvar þeir eiga að vera hverju sinni.

Í UTÁ er gert ráð fyrir að við gerum öll mistök en mistök má leiðrétta og það er hægt að gera betur næst. Með þessu móti gefst börnum og fullorðnum tækifæri til að bæta sig og læra aðferðir til að leysa úr ágreiningi.

Á næstu misserum verður unnið með fleiri þætti hugmyndafræðinnar og þeir innleiddir í skólastarfið.